Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur
22. júlí 2010
29. tbl. · 27. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA

Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600

Opið frá kl. 11:30 - 23:00 alla daga!

Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin!

Faktorshúsið
Hæstakaupstað

Margt getur búið í gamalli spýtu

Ísfirski myndlistarmaðurinn Guðbjörg Lind Jónsdóttir keypti Vertshúsið á Þingeyri fyrir nokkrum árum og hefur unnið að endurbyggingu þess. Nýverið stofnsetti hún menningarsafn í húsinu en tilgangur þess er að vera hýsill skapandi verkefna og sviði mynd- og ritlistar, þjóðfræði og sögu í Dýrafirði. Guðbjörg Lind er í opnuviðtali.

| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

EIMSKIP
Yfir hafið og heim

Myndarlegur hópur messugesta. Ljósm: Kristján Sigmundur Einarsson.

Vel heppnuð messuferð í Aðalvík

Rúmlega hundrað manns mættu til messu í Staðarkirkju í Aðalvík á laugardag. Fjöldi fólks lagði leið sína í dagsferð til Aðalvíkur auk þess sem margir voru staddir í víkinni, en messuferðir til Aðalvíkur hafa ávallt notið mikilla vinsælda. Prestur í messunni var séra Agnes M. Sigurðardóttir en organisti var Hulda Bragadóttir og Guðný Harpa Henrysdóttir sá um trompetleik. Fullt var út úr dyrum í Staðarkirkju og þurftu sumir að tilla sér á kirkjutröppurnar eða leggjast í grasið við kirkjuna á meðan messu stóð en veður var með besta móti í Aðalvík þrátt fyrir örlítinn strekking á köflum. Að lokinni messu buðu Átthagafélag Sléttuhrepps í Reykjavík og á Ísafirði upp á veitingar í prestsetrinu að Stað.

Undanfarin þrjú sumur hafa félagar í átthagafélögum Sléttuhrepps á Ísafirði og í Reykjavík unnið að miklum endurbótum og viðgerðum á kirkjunni þar. Kirkjuhúsið var reist árið 1904 og leysti af hólmi gömlu torfkirkjuna sem þar var fyrir. Eftir að byggðin fór í eyði hafa brottfluttir Sléttuhreppingar og afkomendur þeirra séð um að halda kirkjunni við. Fyrir nokkrum árum var ljóst að leggja þyrfti í töluvert miklar endurbætur á kirkjunni þar sem tímans tönn hafði unnið á byggingunni, þrátt fyrir viðgerðir og viðhald undanfarinna ára. M.a. þurfti að lyfta henni og endurhlaða hluta af grunninum, skipta um glugga, lagfæra þak, mála og setja nýjar tröppur en margir hafa lagt hönd á plóg og komið að verkefnunum með einum eða öðrum hætti og er kirkjan orðin öll sú glæsilegasta.

Um kvöldið var haldið ball í skólanum á Sæbóli þar sem Villi Valli, Magnús Reynir og stórsveitin Bay City Rubbers, skipuð heimamönnum lék fyrir dansi fram á nótt.

– kristjan@bb.is

Leikskólabörn í Hnífsdal öruggust

Hnífsdalur kom best út í könnun Umferðarstofu og Slysavarnafélagsins Landsbjargar á öryggi leikskólabarna í bílum. Könnunin var gerð við 75 leikskóla víða um land og var öryggisbúnaður 2660 barna skoðaður. Í ljós kom að tæplega 11% barna voru í engum búnaði eða einungis í öryggisbelti. Þetta er nokkuð betri útkoma en í fyrra þegar rétt tæp 13% barna voru í engum búnaði eða einungis í öryggisbelti. Til samanburðar má geta þess að fyrir 10 árum síðan voru u.þ.b. 25% barna í engum búnaði eða einungis í öryggisbelti. Af vestfirsku sveitarfélögunum komu Bolungarvík og Bíldudalur verst út en þar voru nokkur börn ýmist laus í bifreið án öryggisbúnaðar eða notuðu eingöngu bílbelti sem er ekki fullnægjandi öryggisbúnaður fyrir börn. Einungis Seyðisfjörður kom verr út í könnuninni.

Í skýrslu um niðurstöður könnunarinnar kemur fram að vel flestir voru til fyrirmyndar í þessum efnum en þó komu fram undantekningar sem sýndu skeytingarleysi einstaka foreldra fyrir öryggi barna sinna. Við einn leikskólann voru tvö börn sett saman í eitt öryggisbelti en eins og gefur að skilja getur það haft mikla hættu í för með sér við árekstur. Nokkur tilfelli voru þar sem foreldri sat undir barni en viðkomandi virtist ekki gera sér grein fyrir því að miklar líkur eru á að barnið verði fyrir alvarlegum áverkum þegar þungi foreldrisins leggst á það við árekstur. Í mörgum tilfellum báru foreldrar því við að þeir væru fara svo stuttar vegalengdir. Þeir sem starfa á vettvangi umferðaröryggis vita að slys einskorðast ekki við vegalengdir. Ef viðeigandi öryggisbúnaður er ekki notaður þá verða oft alvarleg slys á stuttri vegalengd og jafnvel þótt farið sé hægt.

Einnig var bílbeltanotkun ökumanna könnuð og er hún mismunandi eftir sveitarfélögum. Á Patreksfirði virtust allir ökumenn vera í bílbeltum en Bíldudalur og Bolungavík voru meðal þeirra sveitarfélaga sem skáru sig úr með lökustu notkun bílbelta. Þá segir einnig í niðurstöðunum að karlar á Ísafirði megi taka sig á.

Könnun sem þessi hefur verið framkvæmd hér á landi frá árinu 1996 og á svo víðtæk könnun sér ekki hliðstæðu í öðrum löndum. Óhætt er að segja að á undaförnum árum hafi mikið áunnist í öryggismálum barna í bíl. Það má glöggt sjá í meðfylgjandi súluriti.

Á fyrstu árum könnunarinnar var öryggisbúnaður barna í bíl óásættanlegur en ljóst er að hugarfarsbreyting hefur orðið í þessum efnum þótt enn vanti töluvert á að hægt sé að segja að ástandið sé viðunandi.

– thelma@bb.is

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

Samkaup úrval góðir grannar

...sjá fleiri tilboð og uppskriftir á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **22. - 25. júlí**

35% afsláttur

~~3.298~~

2.159 kr./kg

Úrvals nautainnralæri
úr kjötborði eða pakkað ferskt

30% afsláttur

~~1.598~~

1.119 kr./kg

Grísarif BBQ
frá Goða

30% afsláttur

~~769~~

539 kr./kg

Mexíkó-leggir
frá ísfugli

33% afsláttur

~~1.479~~

998 kr./kg

Úrvals nautahakk
úr kjötborði eða pakkað ferskt

30% afsláttur

~~1.698~~

1.189 kr./kg

Svínakótilettur
rauðvínslegnar, frá Bautabúrinu

30% afsláttur

~~1.098~~

769 kr./kg

Grill svínabógsneiðar
frá Kjötseli

30% afsláttur

~~3.498~~

2.449 kr./kg

Úrvals "rib eye"
úr kjötborði eða pakkað ferskt

398 kr./stk

"Dress it" ítalskar pastasósur, 350g
með basilíku & lauki, sólþurrkuðum tómötum og pipar & chili

55% afsláttur

~~435~~

196 kr./kg

Sætar kartöflur
hollar og góðar ...sjá uppskriftir

369 kr./stk

Sharwood´s ilmandi indverskar kryddsósur, 420g
korma, madras, mango chutney og tikka masala

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

á Akureyri, Blönduósi, Bolungarvík, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

Íbúum fækkaði milli ársfjórðunga

Í lok annars ársfjórðungs ársins bjuggu 7.350 einstaklingar á Vestfjörðum. Þar eru karlar í meirihluta eða 3.695 á móti 3.520 konum. Hafði íbúum landshlutans fækkað um 20 frá fyrsta ársfjórðungi. Fækkun átti sér stað í Bæjarhreppi, Súðavíkurhreppi og í Bolungarvík milli ársfjórðunga en íbúum fjölgaði um tíu í Vesturbyggð. Erlendir ríkisborgarar í fjórðungnum eru 700 talsins en þeim hafði fækkað frá fyrsta ársfjórðungi. Flestir þeirra búa í Ísafjarðarbæ eða 340 en því næst kemur Bolungarvík þar sem 170 erlendir ríkisborgarar búa og Vesturbyggð þar sem 120 búa. Á öðrum ársfjórðungi hljóða íbúatölur eftir sveitarfélögum þannig: 3.900 búa í Ísafjarðarbæ, 960 í Bolungarvík, 290 í Reykhólahreppi, 300 í Tálknafjarðarhreppi, 940 í Vesturbyggð, 200 í Súðavíkurhreppi, 50 í Árneshreppi, 110 í Kaldrananeshreppi, 90 í Bæjarhreppi og 510 í Strandabyggð.

Ef litið er á landið í heild bjuggu 317.900 manns á Íslandi á öðrum ársfjórðungi ársins í ár, 159.800 karlar og 158.100 konur. Engin fjölgun var frá fyrra ársfjórðungi. Erlendir ríkisborgarar voru 21.100 í lok 2. ársfjórðungs 2010. Á höfuðborgarsvæðinu einu bjuggu 201.300 manns. Í öðrum ársfjórðungi fæddust 1.200 börn, en 530 einstaklingar létust. Á sama tíma fluttust frá landinu 710 einstaklingar umfram aðflutta. Brottfluttir einstaklingar með íslenskt ríkisfang voru 160 umfram aðflutta, en brottfluttir erlendir ríkisborgarar voru 550 fleiri en þeir sem fluttust til landsins. Karlar voru í miklum meirihluta brottfluttra.

Noregur var helsti áfangastaður brottfluttra íslenskra ríkisborgara, en þangað fluttust 310 manns í ársfjórðungnum af 710 alls. Flestir erlendir ríkisborgarar fluttust til Póllands eða 520 manns af 1.000. Flestir aðfluttir íslenskir ríkisborgarar komu frá Danmörku (210), Noregi (100) og Svíþjóð (90). Erlendir ríkisborgarar voru hins vegar flestir frá Póllandi eða 140.

Slógsöfnunarstöð hönnuð á Ísafirði

Starfsmenn Matís á Ísafirði hafa hannað slógsöfnunarstöð sem hefur þann tilgang að safna öllu slógi frá fiskvinnslum á norðanverðum Vestfjörðum og vinna úr því prótein og fiskiolíu. Þetta kemur fram í ársskýrslu Matís fyrir árið 2009. Þar segir einnig að á síðasta ári hafi verið unnið að verkefninu „Vinnsluferill línuveiðiskipa“ sem staðið hefur í þrjú ár og lýkur haustið 2010. Verkefnið er unnið í samstarfi við 3X Technology, Hraðfrystihúsið Gunnvör, Vísi, Brim, Matís og Samherja.

Markmið þess er að þróa og hanna tæknilausnir til beitningar og meðhöndlunar á fiski um borð í línuveiðiskipum með það að leiðarljósi að hámarka hráefnisgæði, auka vinnuhagræði og draga úr kostnaði við ferlið. Nýtt verkefni, „Sókn á ný mið“ hófst einnig á árinu en það snýst um tækni við uppþýðingu á þorski.

Af verkefnum sem starfsstöðin vann að á árinu á fiskeldissviðinu má nefna rannsókn á ljósanotkun í sjókvíum fyrir þorskeldi, útfærslu á sökkvanlegum sjókvíum, verkefni um áhrif útsetningartíma og stærðar á afkomu þorsks í sjókvíum og kortlagningu á lífríki íslenskra fjarða í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða. Starfsstöð Matís á Ísafirði er til húsa í Þróunarsetri Vestfjarða. Verkefni hennar taka mið af þörf og áherslum í nærumhverfinu. Starfsmenn eru þrír og tilheyra tveir þeirra Vinnslu og virðisaukningu en einn Erfðum og eldi.

– thelma@bb.is

Daníel ráðinn bæjarstjóri

Daníel Jakobsson.

Daníel Jakobsson, útibústjóri Landsbanka Íslands að Laugarvegi 77 í Reykjavík hefur verið ráðinn bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Daníel er sonur hjónanna Auðar Daníelsdóttur og sr. Jakobs Hjálmarssonar, fyrrum sóknarprests á Ísafirði og síðar Dómkirkjuprests. Daníel er fæddur árið 1973. Hann er kvæntur Hólmfríði Völu Svavarsdóttur og eiga þau þrjú börn. Reiknað er með að Daníel komi til starfa í lok næsta mánaðar.

Daníel var einn fremsti skíðagöngumaður landsins og keppti þá fyrir Ísafjörð. Hann var einnig um tíma í landsliði Íslands í skíðagöngu. Daníel var valinn íþróttamaður Ísafjarðar árið 1994. 27 einstaklingar sóttu um starf bæjarstjóra. Umsóknirnar voru teknar til úrvinnslu hjá Capacent sem síðan lagði niðurstöðurnar fyrir bæjarstjórn.

Vill nýja umsögn um rekstrarleyfi

Sýslumaðurinn á Ísafirði hefur óskað eftir nýrri umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir Langa Manga á Ísafirði. Samkvæmt bráðabirgðaleyfi sem sýslumaður hefur gefið út er heimilaður opnunartími staðarins til kl. 24 alla daga til 3. ágúst. Í bréfi sýslumanns til bæjaryfirvalda segir að íbúar í nærliggjandi húsum við Langa Manga á Ísafirði séu mjög óánægðir með opnunartíma veitingastaðarins og hefur vert Langa Manga m.a. borist undirskriftarlisti frá íbúum í fimm húsum við Aðalstræti, þar sem gerð er athugasemd við veitingarekstur á þessum stað.

Samkvæmt reglugerðum eru áfengisveitingar á umfangsmiklum áfengisstöðum heimilaðar frá kl. 06-23:30 virka daga og til kl. 03:30 aðfararnætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga svo lengi sem sveitarstjórnir ákveði ekki annað. Stafi íbúum í nágrenni veitingastaðarins ónæði af rekstri getur sveitarstjórn þó takmarkað afgreiðslutímann.

Í bréfi sýslumanns kemur fram að umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hafi gefið umsögn um umsókn eigenda Langa Manga þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis en eins og fyrr segir óskar hann eftir nýrri umsögn með tilliti til opnunartíma, þ.e. á hvaða tíma heimilt er að hafa hann opinn.

Bæjarráð tók erindi sýslumanns fyrir á síðasta fundi og óskaði eftir að bæjarstjóri eigi viðræður við rekstraraðila og málið verði tekið fyrir aftur á næsta bæjarráðsfundi.

Komdu með gömlu kiljurnar og fáðu nýjar í staðinn

Við tökum á móti öllum skáldsögum í kilju frá árunum 2008-2009. Þú færð 200 kr. fyrir hverja kilju, bæði íslenska og erlenda, og getur þannig safnað þér fyrir nýrri.

Taktu til í bókaskápnum og gefðu bókunum þínum framhaldslíf.

Gildir út júlímánuð.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Vetrarþjónusta boðin út

Vetrarþjónusta á Djúpvegi hefur verið boðin út til næstu þriggja ára. Vegagerðin hefur óskað eftir tilboðum í vetrarþjónustu milli Reykjaness í Ísafjarðardjúpi og gangamunna í Hnífsdal. Helstu magntölur, á ári, eru snjómokstur og hálkuvörn með vörubíl á 38.000 kílómetra langri vegalengd.

Verktími er frá 1. október 2010 til og með 30. apríl 2013. Tilboð verða opnuð þriðjudaginn 20. júlí. Nánar er sagt frá þessu í nýjustu Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar.

USS í Edinborg

Listakonurnar Unnur G. Óttarsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Sólveig Thoroddsen sýna í Bryggjusal Edinborgarhússins á Ísafirði dagana 10. - 23. júlí. Sýningin ber yfirskriftina USS en þær stöllur útskrifuðust allar úr Listaháskóla Íslands nú í vor.

Sýningin var opnuð á laugardag kl. 16 en verður opin alla daga frá kl. 16 til 18.

Spurningin

Verður þú var/vör við lausagöngu búfjár meðfram þjóðvegum landsins?

Alls svöruðu 361.
Já sögðu 332 eða 92%
Nei sögðu 29 eða 8%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Suðaustan 8-13 m/s og rigning sunnan- og vestanlands, en annars hægari og bjartviðri. Hiti 12-20 stig. **Horfur á laugardag:** Suðaustan 8-13 m/s og rigning sunnan- og vestanlands, en annars hægari og bjartviðri. Hiti 12-20 stig **Horfur á sunnudag:** Suðvestlæg átt og víða væta. Hlýtt.

Veðrið lék við keppendur Óshlíðarhlaupsins. Ljósm: Benedikt Hermannsson.

Þórólfur og Hrefna sigruðu

Þórólfur Þórsson sigraði í Óshlíðarhlaupinu sem haldið var í átjánda sinn á föstudag en það hefur verið haldið samfellt frá árinu 1993. Þórólfur hljóp hálft maraþon á 1 klukkustund og 16 mínútum. Annar varð Jósep Magnússon en hann var eingöngu níu sekúndum á eftir Þórólfi. Sigurjón Sigurbjörnsson varð þriðji á 1 klukkustund og 21 mínútu. Hrefna Bjarnadóttir varð fyrst af konunum en hún hljóp hálft maraþon á 1 klukkustund og 32 mínútum. Önnur varð Hulda Konráðsdóttir á 1 klukkustund og 35 mínútum og þriðja varð Hrefna Bjarnadóttir á 1 klukkustund og 36 mínútum. Elín Ruth Reed varð önnur á einni klukkustund og 38 mínútum og Rannveig Halldórsdóttir varð þriðja á einni klukkustund og 52 mínútum.

Sigurður Hansen sigraði 10 kílómetra hlaupið á 34 mínútum. Annar varð Sigurður Þórarinsson á tæpum 37 mínútum og þriðji varð Sumarliði Óskarsson á 37 mínútum og 49 sekúndum. Aníta Hinriksdóttir varð fyrst af konunum á tæpum 40 mínútum. Eva Margrét Einarsdóttir varð önnur á 40 mínútum og 53 sekúndum og þriðja varð Gígja Gunnlaugsdóttir á 41 mínútu.

Keppendur hlupu í blíðskaparveðri og mikil stemning myndaðist við rásmarkið í miðbæ Ísafjarðar. *– thelma@bb.is*

Vel heppnað Vesturgötuhlaup

Sveinn Margeirsson og Eva Margrét Einarsdóttir komu fyrst í mark í Vesturgötuhlaupinu sem fór fram á sunnudag. Hlaupin var 24 km leið eftir vegi sem Elís Kjaran ruddi á sínum tíma en þátttakendur voru um 90 talsins. Einnig var hlaupin styttri vegalengd sem var um 12 kílómetrar og þar voru 70 þátttakendur. Vesturgötuhlaupið var lokahnykkurinn í mikilli hlaupahátíð á Vestfjörðum en hátíðin var feikilega vel heppnuð og mikil þátttaka var í öllum greinum.

Góð stemmning var og gott veður en þetta er annað árið sem hlaupháttíðin fer fram. Það eru íþróttafélagið Höfrungur á Þingeyri og Riddara Rósu sem standa að hátíðinni og Guðbjörg Sigurðardóttir, formaður Riddara Rósu, segist afar ánægt með hvernig til tókst. Stemning hafi verið góð og allt gengið áfallalaust fyrir sig og allt hafi verið eins og best verði á kosið. Guðbjörg segir stefnt að því að halda keppnina aftur á næsta ári. Á laugardag fór einnig fram svokölluð Svalvogakeppni, sem er hjólreiðakeppni en hjólið var u.þ.b. 37 kílómetra löng leið. Þátttakendur þar voru 37 talsins.

Eins og fyrr segir kom Sveinn Margeirsson fyrstur í mark í karlaflokki og Eva Margrét Einarsdóttir var fyrst í kvennaflokki. Af þeim sem hlupu 12 km leið, sem er hálf Vesturgata var Benedikt Sigurðsson fyrstur í karlaflokki og Martha Ernstdóttir var fyrst í kvennaflokki.

– kristjan@bb.is

Ritstjórnargrein

Bæjarstjórinn

„Á Ísafirði voru margar góðar fyrirmyndir og ég vildi feta í fótspor þeirra. Það var einhvern veginn alltaf sjálfsagt að við strákarnir ættum að stefna á þá, það lá bara í loftinu. – Þetta var ekki spurning um hvort heldur hvenær," segir nýráðinn bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Daníel Jakobsson, í bókinni „Ísfirsku ólympíufararnir" um þátttöku hans í Ólympíuleikunum í Lillehammer 1994 í skíðagöngu.

Fæðingarvottorð Daníels er dagsett í Reykjavík. Bernskuárunum eyddi hann á Ísafirði og lauk þar grunnskólaprófi. Að því loknu tók við þriggja ára nám í skíðamenntaskóla í Jarpen í Svíþjóð og í framhaldi af því tóku við þrotlausar æfingar og keppnir, en Daníel var um árabil einn fremsti skíðagöngumaður landsins. Sama árið og hann tók þátt í Ólympíuleikunum var hann kjörinn íþróttamaður Ísafjarðar. Þegar hann tekur við bæjarstjóraembættinu í Ísafjarðarbæ skal því hiklaust haldið fram að hann sé mættur til leiks á heimavelli.

Fljótlega eftir að úrslit sveitarstjórnarkosninganna í Ísafjarðarbæ lágu fyrir, þótti einsýnt að „pólitískur" bæjarstjóri settist ekki í bæjarstjórastólinn, svo sem að hafði verið stefnt og verið hafði áður. Nú liggur fyrir hver vermir sætið næstu fjögur árin, að öllu forfallalausu, eftir að Daníel var valinn úr hópi 27 umsækjenda.

Engum blöðum er um það að fletta að ástandið í þjóðfélaginu segir illilega til sín hjá sveitarfélögunum. Í gegnum árin hefur þeim verið sniðinn æ þrengri stakkur til að sinna lögbundnum hlutverkum. Nú þarf keppnisskapið að segja til sín.

Bæjarins besta býður fjölskyldu Daníels velkomna til Ísafjarðarbæjar og árnar honum velfarnaðar í starfi.

Skref fyrir skref

BB hefur ekki legið á afstöðu sinni til Háskóla Vestfjarða. Frá því sú barátta hófst hefur samfélagið umturnast. Í takt við það snýst umræðan um fækkun skóla. Frá ársbyrjun 2006 höfum við haft Háskólasetur. Aðspurður hvað standi upp úr í starfinu síðustu ár sagði forstöðumaðurinn, Peter Weiss, í viðtali við BB fyrir skömmu: „Mér finnst í raun þessi uppbygging í heild hafa verið nokkuð stöðug." Inntur eftir framtíðarsýn, sagði hann: „Við höfum auðvitað miklar framtíðarvonir en ég held að Háskólasetrið muni reyna að ganga áfram eins og það hefur gengið, skref fyrir skref. Hægt og bítandi."

Ár og dagar munu líða þar til samfélagið hefur náð áttum. Háskólasetrið er þegar orðið mikilvægur hlekkur í samfélaginu. Um það verður að standa vörð, tryggja áframhaldandi vöxt þess og viðgang, skref fyrir skref. *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Sækja um byggingar- og rekstrarleyfi fyrir hjúkrunarheimili

Nefnd um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði hefur lagt til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að þegar verði sótt um byggingar- og rekstrarleyfi fyrir 30 rýma hjúkrunarheimili. Nefndin bendir á að í fjölda ára hefur verið óskað eftir aðkomu ríkisvaldsins að byggingu hjúkrunarheimilis með þátttöku í byggingu og fjármögnun rekstrar með daggjöldum. Mat á þörfinni er að lágmarki 30 rýma hjúkrunarheimili og ítrekar nefndin þörf á að strax verði hægt að hefjast handa við byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði með þeim daggjöldum sem þarf til rekstursins.

Á fundi nefndarinnar á dögunum var lagt fram bréf frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu þar sem m.a. kemur fram að þar sem fyrirhugað hafi verið, samkvæmt framkvæmdaáætlun um fjölgun hjúkrunarrýma og fækkun fjölbýla árin 2008-2010, að hefja hönnunarvinnu vegna hjúkrunarheimilis á árinu 2010, telji félags- og tryggingamálaráðherra mikilvægt að sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum geri hið fyrsta með sér samkomulag um staðsetningu heimilisins og skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga og komi sem einn aðili að samningum við ráðherra um þessa uppbyggingu.

Nefndin vísar til fundar með ráðherra í nóvember 2009 þar sem bygging hjúkrunarheimilis á Ísafirði var rædd. Þar kom ekki fram sú afstaða að sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum skyldu koma að málinu sem einn aðili. Nefndin óskar eftir fundi með ráðherra félags- og tryggingamála hið fyrsta til þess að ræða um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði.

Nefndin lét bóka að á grundvelli bókunar bæjarráðs Bolungarvíkurkaupstaðar frá 27. apríl og viðræðna formanns nefndarinnar um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði við bæjarstjórann í Bolungarvík er ljóst að Bolungarvíkurkaupstaður hyggst byggja a.m.k. 10 rýma hjúkrunarheimili í Bolungarvík.

– thelma@bb.is



Svefngenglar settu svip sinn á miðbæ Ísafjarðar.

Svefngenglar á Silfurtorgi

Syfjuð ungmenni sáust víða í miðbæ Ísafjarðar undir lok síðustu viku. Ekki var þó ástæða til að hafa áhyggjur af heilsufari ísfirskra unglinga því um var að ræða gjörning á vegum ungmennaleikhópsins Morrans. Leikararnir voru klæddir náttfötum og lögðust til svefns á ólíklegustu stöðum, svo sem í tröppunum á Silfurtorgi og setubekki. Margir hverjir voru með teppi og bangsa til að gera svefninn ánægjulegri. Fjórtán ungir leikarar starfa við leikhúsið í sumar og eins og svo oft áður eru stúlkur þar í meirihluta en strákarnir eru fimm talsins. Undanfarin ár hefur stór þáttur í starfsemi Morrans verið að taka á móti skemmtiferðaskipum. Þrátt fyrir að skipin séu farin að taka æ meir toll af starfseminni hafa Morraliðar ákveðið að vera með götulistadaga og gjörninga eins og undanfarin ár.

Miðtún 27 til sölu!

Til sölu eru tvær íbúðir að Miðtúni 27, Ísafirði. Annars vegar 126m² íbúð á jarðhæð hússins ásamt 32m² bílageymslu og hins vegar 53m² íbúð í kjallara ásamt 27m² bílageymslu. Um er að ræða steinsteypt hús, byggt á árunum 1962 til 1963 á mjög góðum stað. Eignin er í góðu ástandi. Möguleiki er á að selja eignirnar í einu lagi eða í sitt hvoru lagi.

Upplýsingar um eignirnar veitir Björn Jóhannesson, hrl., í síma 456 4577.

Óskar rökstuðnings

Edda B. Kristmundsdóttir, einn af umsækjendum um starf forstöðumanns Bæjar- og héraðsbókasafns, héraðsskjalasafns og Ljósmyndasafns Ísafjarðar, hefur óskað skriflegs rökstuðnings vegna veitingar á starfinu forstöðumanns. Einnig krefst hún skýringa á því hvernig stöðuveitingin samræmist lögum og reglum hins opinbera og leikreglum á vinnumarkaði.

Þetta kemur fram í bréfi hennar sem tekið var fyrir á síðasta bæjarráðsfundi þar sem bæjarstjóra var falið að svara erindinu. Fimm konur sóttu um starfið en eins og fram hefur komið var Jóna Símonía Bjarnadóttir ráðin.

Tveir stuðningsfulltrúar ráðnir

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ráða í tvö 70% störf stuðningsfulltrúa við grunnskóla í sveitarfélaginu. Er það gert vegna beiðni Rannveigar Þorvaldsdóttur, deildarstjóra í sérkennslu en að baki beiðninni liggja fyrir greiningar frá BUGL vegna beggja barnanna og frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins vegna annars barnsins.

Bæjarráð óskaði jafnframt eftir tillögum frá Skóla- og fjölskylduskrifstofu um hagræðingu í rekstri til að mæta auknum kostnaði vegna þessa.

Silfurygla í Bolungarvík

Silfurygla eða Syngrapha interrogationis fannst á dögunum í einni af ljósgildrum Náttúrustofu Vestfjarða sem lagðar hafa verið í sumar í nágrenni Bolungarvíkur. Silfurygla er frekar sjaldgæf fiðrildategund á Íslandi en nokkuð algeng í Evrópu, Asíu og Norður Ameríku.

Silfuryglan hefur fundist í flestum landshlutum á Íslandi að miðhálendinu undanskildu en fullorðin ygla byrjar að fljúga í byrjun júlí og verpir svo eggjum sem þroskast í lirfur. Lirfurnar leggjast í vetrardvala og vaxa áfram að vetri liðnum, en aðalfæða þeirra er bláberjalyng og beitilyng.

Grúsk í gömlu húsi

Myndlistarmaðurinn Guðbjörg Lind Jónsdóttir keypti fyrir nokkrum árum gamalt hús á Þingeyri, Vertshúsið, ásamt manni sínum Hirti Marteinssyni og hefur smátt og smátt staðið að endurbótum á því. Nýverið stofnaði Guðbjörg Lind *Minningasafnið* í húsinu en tilgangur þess er að vera hýsill skapandi verkefna á sviði mynd- og ritlistar, þjóðfræði og sögu, í því skyni að auðga menningarlíf í Dýrafirði.

Í Minningasafninu setti Guðbjörg nýlega upp sýninguna *Þögul mynd af húsi* sem er nokkurs konar menningarlegur fornleifagröftur þar sem gamlir munir er fundist hafa við endurbætur á húsinu eru settir í nýtt myndrænt samhengi. Til þess að skapa sýningunni sögulega umgjörð prýddu veggi Vertshúss gamlar ljósmyndir frá Þingeyri. Einnig voru þar til sýnis málverk og teikningar Guðbjargar sem eru afrakstur dvalar hennar í húsinu og gætir í þeim bæði áhrifa frá Vertshúsi að innan sem og næsta umhverfi þess.

Blaðamaður Bæjarins besta kíkti í kaffi í Vertshúsinu og forvitnaðist um sögu þess og vonir núverandi eigenda um nýtt hlutverk þess.

Húsið sem byggt var árið 1881 hefur einnig gengið undir nafninu Hótel Niagara og á sér mikla sögu.

„Það var byggt 1881 sem vertshús. Björn Magnússon og kona hans Guðrún Sveinsdóttir, sem alltaf voru kölluð vertar, byggðu húsið og fengu lánað timbur í bygginguna frá Gramverslun. Þau ráku svo hér vertshús en reksturinn hefur eflaust ekki verið auðveldur. Eitthvað hefur það þó létt þeim róðurinn að hér voru lúðuveiðimenn frá Ameríku yfir sumartímann á árunum 1886-1897. Vertíðin hefur þó líklega ekki verið nógu löng til að fleyta vertunum áfram. Hjónin gátu ekki staðið í skilum og þurftu að fara úr húsinu. Þá tók við rekstrinum Jóhannes Ólafsson hreppstjóri og rak það áfram í nokkur ár. Þegar hér var komið sögu átti Gramverslun, sem síðar varð Proppéverslun, húsið og var það leigt Nathanaeli Mósessyni. Honum tókst ekki að fá húsið keypt því eigendunum fannst þeir fá meiri pening fyrir að leigja það. Einhvern tímann fóru tveir af bræðrunum sem áttu Proppéverslun til Reykjavíkur og sá þriðji leysti þá af. Tókst Nathanael þá að semja um kaupin á húsinu við þriðja bróðurinn.

Nathanael þessi átti heima lengst í húsinu. Hann rak verslunina Ölduna sem var fyrir neðan Vertshúsið. Aldan stendur enn og er nú verkstæði. Einnig var hann með skóvinnustofu og hafði marga nema.

Kvenfélagið Von keypti húsið af Erlu Sveinsdóttur fósturdóttur Nathanaels og hafði átt húsið í einhver ár þegar við keyptum það. Ábyggilega hefur þetta verið allt mjög virðulegt á tíma Nathanaels en húsið var komið í niðurníðslu og þurfti á viðhaldi að halda og því þurfti kvenfélagið að ákveða hvort það ætlaði að fara út í framkvæmdir eða hreinlega selja húsið. Okkur var það til happs að kvenfélagskonur ákváðu að selja það. Þær hafa þó fengið að hafa áfram aðstöðu í húsinu sem hefur nú ekki alltaf verið góð því húsið hefur oft verið ansi hrátt á meðan endurbæturnar hafa staðið yfir.“

Kvenfélagskonur ráku félagsstarfsemi sína í húsinu en enginn hafði búið í því í lengri tíma. Hins vegar leigðu þær út gistingu hér í húsinu og eitt sumarið gistum

Guðbjörg hefur ásamt manni sínum tekið fyrir eina hlið hússins á ári í endurbótunum.

á Vertshúsi. Ég er þó ekki hætt að mála landslag en þetta er viðbót við það.“

Myndlistin hefur mikið að gera með þá ákvörðun Guðbjargar að hafa menningartengda starfsemi í húsinu.

„Ég nefndi þetta fyrirbæri Minningasafnið í höfuðið á innsetningu sem ég vann að fyrir nokkrum árum og sett hefur verið upp á nokkrum stöðum á landinu. Í því verki er ég að fjalla um safn einstaklingsins og að það virðist vera í eðli okkar að safna að okkur og halda utan um minningar og hluti sem tengjast okkur sterkum böndum. Flestir kannast við að hafa skoðað samansafn eldri ættingja af ljósmyndum, blaðaúrklippum eða jafnvel gömlum bíómiðum. Báðir foreldrar mínir voru miklir safnarar og í uppeldinu mínu reyndi ég að vinna gegn þessu eðli í mínu fari. En þarna sleppti ég alveg fram af mér beislinu og leyfði söfnunaráráttunni að njóta sín,“ segir Guðbjörg og hlær dátt.

„Einn liður í verkinu var að safna að mér ógrynni af kaffibollum og helst ekki úr sama stellinu. Það sem ég gat ekki fengið hjá ættingjum keypti ég í Góða hirðinum og fór þangað margar ferðir. Þá fór ég stúdera söfnunaráráttuna og þessa þörf okkar til að safna að okkur hlutum. Nafngiftin Minningasafnið er kannski dálítið hátíðleg, en um leið ögrandi fyrir mig sem listamann.“

Mikil sagnahefð á Þingeyri

„Meiningin er ekki að hafa opið safn í Vertshúsinu allan ársins hring heldur var meiningin að þetta yrði einhvers konar umgjörð utan um menningarstarfsemi eftir því sem aðstæður leyfa. Mig langar til að setja upp ólíkar sýningar einu sinni á ári en það gætu allt eins verið fyrirlestrar, ritlist eða hvað sem er.“

Á sýningunni Þögul mynd af húsi mátti sjá sambland af myndlist Guðbjargar, hlutum sem fundist hafa við endurbætur á húsinu og ritlist.

„Maðurinn minni setti saman nokkur prósaljóð fyrir mig þar sem hann færði í prósa ýmsar sögur sem við höfum heyrt af húsinu. Meðal annars um konuna sem kom í Vertshús til að horfa á leikrit. Hún var sigld kona sem hafði farið í leikhús handan hafsins og vissi því hvernig ætti að haga sér við þessar aðstæður. Þegar leikritið hófst tók hún því upp leikhúskíki í þessum líka stóra sal,“ segir Guðbjörg og hlær en „salurinn“ sem um ræðir er stofan í húsinu og er í mjög hefðbundinni dagsstofustærð. „Fólk hefur mjög gaman af því að segja okkur svona sögur og við ekki síður gaman af því að heyra þær. Við fáum einnig að heyra sögur af nágrönnunum sem bjuggu í húsunum í kring. Þrátt fyrir að ekki séu margar menningarstofnanir sem slíkar á Þingeyri finnur maður fyrir mikilli menningu meðal fólksins. Hér er mikil sagnahefð og mér finnst ég aldrei hafa heyrt eins mikið af gömlum sögum og frá því að ég kom til Þingeyrar.“

Hefur eingöngu sjónræna ábyrgð

Guðbjörg er fædd og uppalin á Ísafirði.

„Móðir mín, Inga Rut Olsen, býr á Hlíf en faðir minn Jón Hermannsson er látinn. Hann var loftskeytamaður auk þess að vera ljósmyndari og málari og ýmislegt fleira. Rætur mínar eru því fyrir vestan. Þegar maður er kominn á ákveðinn aldur er eins og ræturnar togi sterkar í mann. Því hafði ég haft það í huga að það væri gaman að eignast lítið hús eða vera með einhverja aðstöðu fyrir vestan. Ég hafði því haft augun opin þegar ég kom til Ísafjarðar hvort það væri ekki einhvers staðar lítið hús til sölu. En ég fann aldrei neitt og svo æxlaðist það nú svona að ég lenti á Þingeyri. Í byrjun sá ég mig fyrir mér á bleiku skýi með trönurnar úti á túni fyrir ofan húsið en reynslan hefur nú verið í þá veru að maður hefur verið meira með hamar og sög í hönd en málningarpensil. Inn á milli hef ég þó getað gripið aðeins í myndlistina og það er afskaplega gott að vinna hér.

Það er búið að vera skemmtilegt grúsk í kringum þetta, ég hef t.d. bæði grúskað í ljósmyndasafni Ísafjarðar og á Þjóðminjasafninu og hér eru nokkrar ljósmyndir sem ekki hefur borið á áður. Fólki sem þekkir til sögu Dýrafjarðar hefur fundist gaman að skoða myndirnar og sagt mér sögur sem tengjast myndaefninu, sem ég hef haft mjög gaman af.

Ég sem myndlistarmaður hef aðra ábyrgð en sagnfræðingur hefur í svona grúski. Ég er meira með þessa sjónrænu ábyrgð í stað þess að þurfa að rökstyðja og fara rétt með eins og sagnfræðingur myndi sjálfsagt gera. Engu að síður hef ég lagt mig alla fram um að gera sýninguna áhugaverða fyrir augað og sálina.

Endurbæturnar á húsinu hafa verið mér mikill lærdómur og kennt mér að það getur margt búið í gamalli spýtu.“

– thelma@bb.is

Meðal annars hafa fundist í húsinu tappi og flöskur frá gosverksmiðjunni Dynjanda.

við maðurinn minn hér. Ég hreifst af húsinu og umhverfi þess og hafði alltaf fundist Þingeyri svo skemmtilegur bær. Um haustið þegar það var auglýst til sölu buðum við í það.

Við ákváðum að taka fyrir eina hlið hússins á ári og þegar það væri komið í stand var hugsunin að vera með menningartengda viðburði í húsinu. Minningasafnið – Þögul mynd af húsi var fyrsta tilraunin til þess.“

Þess má geta að húsið er friðað og allar endurbæturnar hafa verið gerðar í samráði við Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Sleppti sér í söfnunaráráttunni

Guðbjörg Lind hefur haldið fjölmargar sýningar hér heima og erlendis.

„Ég er myndlistarmaður og búin að starfa lengi sem slíkur. Ég sá fram á ansi mikinn samdrátt í minni grein í kreppunni og fékk mér 60% starf við að kenna geðfötluðum myndlist. Það er mjög gefandi og skemmtilegt starf. Ég vinn vaktavinnu og fæ góð frí inn á milli og nota þau gjarnan til að koma vestur. Ég reyni að vinna að minni myndlist á meðan ég er fyrir vestan. Ég hef fengist mikið við að mála fossa-landslagsverk og sæki innblástur minn til Vestfjarða. Nýverið hef ég fært mig mikið inn í stofur, ganga og herbergi en það eru bein áhrif frá endurbótunum

Metár hjá Kómedíuleikhúsinu á Ísafirði

Kómedíuleikhúsið á Ísafirði hefur aldrei frumsýnt jafn mörg leikverk á einu leikári og í ár eða fjórar auk þess sem þrjú eldri verk voru í sýningu. Leikárið hófst með frumsýningu á Heilsugæslunni sem hefur verið sýnt 40 sinnum á þessu leikári og verður einnig sýnt á komandi leikári. Síðasti dagur Sveins skotta var því næst frumsýnt og verður það einnig á fjölunum á komandi leikári. Þá voru tvær sýningar frumsýndar á vor- og sumardögum. Fyrst ber að nefna The Poet Comes Home en verkið er byggt á Kolbrúnarþætti í Fóstbræðrasögu og er sýnt í Arnadal og flutt á ensku. Í júní hófust svo sýningar á einleiknum Gaggað í grjótinu í nýopnuðu Melrakkasetri Íslands í Súðavík en sá einleikur er sýndur á hverjum fimmtudegi yfir sumartímann. Góðir gestir eins og Pétur og Einar, Dimmalimm og Gísli Súrsson hafa einnig verið á ferð á leikárinu líkt og undanfarin ár og njóta að venju mikillar hylli. „Gaman er að segja frá því að sumarið hefur verið mjög annasamt hjá Kómedíuleikhúsinu og höfum við verið að sýna fjórar til fimm sýningar vikulega. Hinu Kómíska leikári lýkur svo um miðjan ágúst þegar leiklistarhátíðin Act alone verður haldin. Þetta er sjöunda árið í röð sem hátíðin fer fram og víst er að sú saga er bara einleikin. Act alone í ár fer fram dagana 13. - 15. ágúst á Ísafirði og í Haukdal Dýrafirði. Á dagskránni í ár erum fjölbreyttar sýningar m.a. frá Silamiut leikhúsinu í Grænlandi,“ segir í tilkynningu á vef Kómedíuleikhússins. Undirbúningur fyrir næsta leikár Kómedíuleikhússin er langt á veg kominn en leikárið verður formlega kynnt í september. Kómedíuleikhúsið er fyrsta atvinnuleikhúsið á Vestfjörðum en þar fara hjónin Elfar Logi Hannesson og Marsibil Kristjánsdóttir fremst í flokki.



Kómedíuleikhúsið hefur aldrei áður frumsýnt jafn mörg leikverk á einu leikári. Á myndinni er Elfar Logi Hannesson.

Fengu mannréttindaverðlaun Samtakanna 78

Átta prestar á Vestfjörðum hlutu mannréttindaverðlaunum frá Samtökunum 78 í lok síðasta mánaðar í kjölfar þess að sunnudaginn 27. júní tóku gildi ný hjúskaparlög í landinu. Í þeim felst að ekki lengur er mismunur á hjónaböndum eftir því hvort um er að ræða samkynhneigð eða gagnkynhneigð hjón. Þessum tímamótum var fagnað víða í kirkjum landsins. Sr. Sigríður Guðmarsdóttir tók við mannréttindaverðlaunum frá Samtökunum 78 fyrir hönd allra þeirra presta og guðfræðinga, sem lagt hafa þessari baráttu lið.

„Rúmlega eitt hundrað prestar, djáknar og guðfræðingar, sem starfa á vettvangi kirkjunnar og lögðu lóð á vogarskálarnar við umfjöllun og afgreiðslu um ein hjúskaparlög, hljóta í dag Mannréttindaviðurkenningu Samtakanna 78 fyrir ómetanlegt framlag í þágu mannréttinda samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender-fólks á Íslandi,“ segir á viðurkenningarskjalinu.

Ísafjarðarkirkja.

Prestarnir á Vestfjörðum eru þau sr. Agnes M. Sigurðardóttir prófastur í Vestfjarðaprófastdæmi, sr. Ásta Ingibjörg Pétursdóttir sóknarprestur í Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakalli, sr. Magnús Erlingsson sóknarprestur í Ísafjarðarprestakalli, sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir sóknarprestur í Reykhólaprestakalli, Sigríður Óladóttir sóknarprestur í Hólmavíkurprestakalli, Fjölnir Ásbjörnsson sóknarprestur í Holtsprestakalli í Önundarfirði, sr. Sjöfn Mueller Þór sóknarprestur í Reykhólaprestakalli og Daniel Mueller Thor á Reykhólum. Rétt er þó að geta að Sjöfn og Daníel hafa ekki verið búsett á Reykhólum frá því að Sjöfn fór í barneignarfrí fyrir tveimur árum. *– thelma@bb.is*

Auglýsing um skipulagsmál í Reykhólahreppi

Um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Fremri-Gufudal, Reykhólahreppi

Hreppsnefnd Reykhólahrepps auglýsir hér með breytingu á samþykktu deiliskipulagi á deiliskipulagðri frístundarbyggð í landi Fremri-Gufudals Reykhólahreppi skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997

Deiliskipulagbreytingin felur í sér fjölgun sumarhúsalóða úr fimm í sex auk lóðar fyrir íbúðarhús. Deiliskipulagið nær, eins og áður, til 21,5 ha svæðis á heimatúni Fremri-Gufudals.

Skipulagsuppdráttur ásamt greinargerð er til sýnis á skrifstofu Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, 380 Reykhólum frá22. júlí 2010 til22. ágúst 2010. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Athugasemdum skal skila til skipulags og byggingarfulltrúa Reykhólahrepps fyrir 7. september 2010 og skulu þær vera skriflegar.

Berist ekki athugasemdir innan tilskilins frests telst tillagan samþykkt

Búðardal 14. júlí 2010

Skipulags og byggingarfulltrúi

Námskeið í Rope action í fyrsta sinn á Ísafirði

Líkamsræktarþjálfarinn Sigríður Halldóra Matthíasdóttir, betur þekkt sem Sigga Dóra, verður með námskeið á Ísafirði í ágúst. Námskeiðið er í svokölluðu Rope action sem er samsetning á Rope-æfingum og þrekæfingum með lóðum. „Þetta er í raun átaksnámskeið þar sem ég kenni fólki að lifa lífinu lifandi. Ég verð með rope-yoga bekki þar sem gerðar verða æfingar auk þess sem notuð verða lóð. Þessar æfingar vinna mikið með maga, rass og læri. Svo verð ég líka með öflugt fitubrennslutæki og get því sagt fólki hversu miklum kaloríum það er að brenna,“ segir Sigga Dóra.

Hún rekur Heilsumiðstöð Siggu Dóru í Reykjavík en í vor bauð hún upp á námskeið í Bolungarvík í samstarfi við Vaxon sem vakti mikla lukku. „Ég er í fríi í ágúst og ákvað að það yrði gaman að prófa að koma til Ísafjarðar með eitt námskeið. Ég hef því leigt aðstöðu hjá Stúdíó Dan.“ Athygli er vakin á því að námskeiðið verður einungis í boði fjórar vikur í ágúst, eða frá 4. til 27, en þá verða tímar þrisvar í viku.

Sigga Dóra að námskeiðið henti bæði byrjendum og þeim sem lengra eru komnir. „Það eru auðvitað allir byrjendur í þessu þar sem þetta hefur ekki verið í boði á Ísafirði áður. En fyrir þá sem vilja flatan og fínan kvið er þetta algjörlega málið. Þetta styrkir einnig rass, læri og handleggi.“ *– thelma@bb.is*

Hrafnseyri við Arnarfjörð.

170 milljónir í afmælishátíð

Rúmum 170 milljónum króna verður varið í 200 ára afmælishátíð Jóns Sigurðssonar, fyrrv. forseta, sem haldin verður á næsta ári. Rúmlega 70 milljónir króna fara í endurbætur og sýningu á safni Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri við Arnarfjörð, fæðingastað Jóns. Þá fer hluti af þeirri upphæð í að setja upp nýja sýningu á safni Jóns á Hrafnseyri, sem opnuð verður almenningi 17. júní á næsta ári. Opnunarhátíðin verður sýnd í beinni útsendingu á Rúv en önnur stærri verkefni hátíðarinnar eru margmiðlunarefni sem verða til sýnis á söfnum víðsvegar um landið og birtast á vefnum, en áætlað er að þau kosti tæplega 15 milljónir.

Þá kostar stafræn endurgerð á handritum Jóns á bilinu 12 til 15 milljónir en handritin verða gerð aðgengileg á netinu. Forsætisráðuneytið ber þungann af kostnaðinum, en mótframlög koma frá stofnunum á borð við Seðlabankann, Háskóla Íslands og Þjóðmenningarhúsinu.

Nýr vefur um Jón Sigurðsson, jonsigurdsson.is, var opnaður í júní í tilefni afmælisins. Á síðunni má m.a. nálgast vinningsteikningar af nýrri sýningu á Hrafnseyri um líf og störf Jóns. Þar má finna nýtt afmælismerki Jóns Sigurðssonar og frímerki í tilefni afmælisins. Nýja sýningin opnar eins og fyrr segir 17. júní árið 2011 á Hrafnseyri en það voru Basalt arkitektar sem hönnuðu vinningstillöguna.

Afmælishátíðin verður formlega sett í janúar á næsta ári með nýrri leiksýningu, „Óskabarni“, sem sýnd verður í Þjóðmenningarhúsinu.

– kristjan@bb.is

Nýr sýslumaður tekur til sinna ráða

Að tilskipan nýs sýslumanns á Ísafirði verður kaffihúsinu og skemmtistaðnum Langa Manga á Ísafirði lokað á miðnætti alla daga vikunnar. Tekur tilskipunin tók gildi á föstudag. Karen Ingvadóttir vert á Langa Manga segist ekki sátt og ætlar að hætta rekstri ef þetta verður til frambúðar.

„Þetta er vegna gamals undirskriftarlista frá 17. maí en það var fyrir löngu búið að taka upp þetta mál og ganga frá því,“ segir Karen. Undirskriftarlistinn var vegna hávaðar og sóðaskaps og segir Karen að það sé ekki á rökum reist.

Langi Mangi var opnaður á ný í maí eftir að staðurinn lagði upp laupana sumarið 2008. Síðan þá hafa verið haldin þar spurningakeppni, ljósmyndasýning, þemavikur og margt fleira. Staðurinn hefur verið opinn til kl. 03 á föstudögum og laugardögum. *– thelma@bb.is*

Byggðastofnun

Til sölu er Sundstræti 45, Ísafirði og Sindragata 27 (steypustöð) Ísafirði

Sundstræti 45: Um er að ræða 3ja hæða hús, samtals um 1745 m², á góðum stað á eyrinni á Ísafirði. Í húsinu var áður fiskvinnsla en skipulagi lóðarinnar hefur verið breytt þannig að þarna er nú gert ráð fyrir íbúðar- og þjónustuhúsnæði, sbr. auglýsing nr. 611/2006. **Fastanúmer hjá FMR er 212-0614.**

Sindragata 27: Fullbúin steypustöð í góðu standi. Byggðastofnun auglýsir eftir tilboðum í iðnaðarhúsnæðið að Sindragötu 27. Heildareignin skiptist í þrjá hluta: iðnaður/steypustöð/geymsla, samtals 659,6 m². Eignin var byggð árið 2005. **Fastanúmer hjá FMR er 228-0628.**

Tilboð skulu send Tryggva Guðmundssyni hdl., Hafnarstræti 19, 400 Ísafirði eða á netfangið tryggvig@pacta.is.

Byggðastofnun áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Sjá fleiri auglýstar eignir á heimasíðu Byggðastofnunar, www.byggdastofnun.is.

Að tilskipan heilbrigðisráðuneytisins verður lækni í Bolungarvík boðin 75% viðvera í Bolungarvík og 25% viðvera á Ísafirði eftir að göngin hafa verið opnuð.

Heilbrigðisþjónustu breytt með tilkomu Bolungarvíkurganga

Stefnt er að því að tryggja 75% viðveru læknis í Bolungarvík eftir að Bolungarvíkurgöng verða opnuð. Þetta kemur fram í svari heilbrigðisráðuneytisins við bréfi frá bæjaryfirvöldum Bolungarvíkur þar sem lýst er yfir miklum áhyggjum vegna fregna um að fyrir dyrum stæðu miklar breytingar á heilbrigðisþjónustu í Bolungarvík. Heimildirnar voru orðrómur á götunni og því óskuðu bæjaryfirvöld eftir fundi með fulltrúa Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Kom þá í ljós að tilskipan heilbrigðisráðuneytisins gerði ráð fyrir að með tilkomu Bolungarvíkur verði vaktsvæði Ísafjarðar og Bolungarvíkurkaupstaðar eitt. Breytist þá staða yfirlæknis heilsugæslu í Bolungarvík í stöðu sérfræðings í heilsugæslulækningum. Áætlað er að á svæði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða þurfi fjóra heilsugæslulækna til að sinna u.þ.b. 5.100 manns sem byggju á svæðinu sem þýðir 1.200-1300 manns á hvern lækni.

Í svari heilbrigðisráðuneytisins segir að Bolungarvíkur- og Ísafjarðarlæknishéruð verða sameinuð 10. september en reiknað er með að Bolungarvíkurgöng verði opnuð í byrjun september. Lækninum í Bolungarvík verður þá boðin full ráðning við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða með 75% viðveru á heilsugæslustöðinni í Bolungarvík og 25% viðveru á heilsugæslustöðinni á Ísafirði. Einnig mun læknirinn ganga vaktir á samrekinni stofnun eftir 10. september.

Millistéttin blóðmjólkuð

Stakkur skrifar

Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn segir að tæknilega sé kreppan sé að baki. Það er mjög vel orðað en tæknilega hefur það ekki komist til skila meðal almennings að kreppunni sé nú lokið, enda margir sem eiga í erfiðleikum með tæknileg orð. Gefa þyrfti út orðabók til þess að koma betra lagi á skilning fólks. Reyndar veltir margur fyrir sér hver umræddur almenningur sé eiginlega. Er það ekki einhvers konar millistétt í landinu, sem lætur allt yfir sig ganga bæði bankaþrjóta og stjórnmálamenn allra flokka? Þeir pólitíkusar sem hafa axlað skinnin sín reyna nú margir að komast inn í pólitíkina aftur sem bæjarstjórar. Þannig bera stjórnmálamenn ábyrgð gerða sinna og hallast ekki á milli stjórnmálaflokka.

Kannski komast þau að Steinunn Valdís og Gunnar Birgisson í bæjarstjórastóla, enda væri ljótt að gera lítið úr stjórnmálamönnum með þingreynslu. Steingrímur Hermannsson heitinn, blessuð sé minning hans, sagði einu sinni að það væri á við háskólaróf í hagfræði að sitja á Alþingi Íslendinga. Hvort það er staðreynd skal ósagt látið, en eiga þá ekki bæði háskólar og Alþingi margt ólært í hagfræði? Aðrir fyrrverandi alþingismenn hafa látið mikið með þá reynslu sem þeir heyja sér í sölum Alþingishússins við Austurvöll. En víkjum aftur að almenningi, sem ástæða er til að ætla að sé besta skinn. Hann samanstendur af alls kyns fólki sem reynir að standa sína plikt í þjóðfélaginu, vera ekki fyrir öðrum, vera sjálfbjarga, borga skatta til ríkis og sveitar og kjósa svo í þokkabót fólk til þess að fara með þessa skatta. Sumir halda því fram að á Ísland sé stéttlaust þjóðfélag. Það er ekki lengur rétt hafi það einhvern tíma átt við.

Víða um heim hafa hagfræðingar sett fram þá kenningu að komið sé að endalokum hinnar svokölluðu millistéttar, sem hefur gjarna staðið undir samfélögum með borgaralegri hlýðni sinni og sköttum. Hvort það er rétt skal ósagt látið hér. En vissulega má telja margt vinnandi fólk á Íslandi til millistéttar í evrópskum skilningi. En nú stendur til að ganga að þessu fólki með verulegri hækkun skatta í ofanálag við lækkandi laun og hækkandi verð allrar neysluvöru. Vissulega má færa að því rök að það sé jafnaðarmennska að allur almenningur hafi það jafn skítt. Þannig verði allir jafnir. En þá stendur eftir sú spurning hver skuli borga skattana til að halda þjóðfélaginu á floti.

Vissulega má hafa af því áhyggjur að þessi millistétt, sem reynir að eiga húsin sín sjálf og kannski bara einn bíl og býr jafnvel í parhúsi eða blokk, sé ekki nærri eins spennandi og bankaþrjótar og stjórnmálamenn, lesist; auðmenn og vinir þeirra fram til 2008. En hún stendur undir sköttum í dag og verði hún blóðmjólkuð fer fyrir henni eins og kúnum.

Hún deyr eða fer annað. Hvað þá?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

80 ára

Guðný Kristín Guðnadóttir, Aðalgötu 3, Suðureyri, verður 80 ára í dag, 22. júlí. Af því tilefni munu hún og eiginmaður hennar, Einar Guðnason, taka á móti gestum í Félagsheimili Súgfirðinga kl. 16:00.

smáar

Til leigu er stórt íbúðarhús á tveimur hæðum á eyrinni á Ísafirði. Möguleiki á tveimur íbúðum. Laust frá september nk. Uppl. í síma 825 8413.

Vantar lítinn frystiskáp, litla þvottavél og góðan svefnsófa. Uppl. í síma 868 7724.

Fimm manna fjölskylda óskar eftir húsi til leigu á Ísafirði eða í Hnífsdal sem fyrst. Endilega hafið samband í síma 661 0069 eða 650 7766.

Hlíðarvegspúkarnir sigursælir

Hlíðarvegspúkarnir fóru með sigur af hólmi í Stóra Púkamótinu sem haldið var á Ísafirði í sjötta sinn um helgina. „Mjög mikil ánægja var með mótið. Fólk er búið að merkja við það á dagatalinu að koma vestur á Púkamótið og sumir hefja sumarfríið á því. Enda er tilgangurinn að draga gamla Ísfirðinga aftur vestur og rifja upp gamlar minningar," segir Haraldur Leifsson, einn af stjórnarmönnum Púkamótsins. 67 púkar mættu til leiks á Torfnesi og skipuðu sex lið. Í ár var bryddað upp á þeirri nýjungu að innleitt var bláa spjaldið í stað hins hefðbundna rauða sem veitt var er leikmenn sýndu óprúðmannlega hegðun og þurftu því fara í tvær mínútur af vellinum til að kæla sig niður. Að sögn Haraldar þurfti að veita bláa spjaldið í tvígang. „Þeir leikmenn sem fengu það voru óheppnir og spörkuðu óvart í andstæðinginn, annars fór mótið mjög prúðmannlega fram."

Mótið var haldið í blíðskaparveðri en veðurguðirnir hafa brosað við þátttakendum alveg frá því byrjun. „Við höfum alltaf fengið gott veður og fólk hefur sagt að um leið og Púkarnir koma í bæinn komi góða veðrið líka," segir Haraldur. Margir áhorfendur fylgdust með tilþrifunum á vellinum og að sögn Haralds var góð stemmning. Ísfirðingafélagið seldi vöfflur og kaffi á meðan mótinu stóð.

Auk keppenda voru 40 konur skráðar á lokahóf mótsins. Þar voru verðlaun veitt en auk Púkameistaranna var Þórir Jensson kosinn besti púkinn og Guðlaugur Gunnarsson frá KSÍ hlaut verðlaun fyrir að vera prúðasti leikmaðurinn.

Haraldur vill láta getið að styrkjasöfnun fyrir mótið gekk mjög vel í ár. „Við höfum stofnað sjóð til að styrkja ísfirska æsku og leggjum áherslu á að hægt sé að sækja um styrki til að sækja námskeið sem tengjast knattspyrnu, til dæmis til að öðlast menntun til dómara- eða þjálfarastarfa. Þetta er orðinn mjög myndarlegur sjóður en við erum nú þegar búnir að úthluta þremur milljónum til Ísafjarðarbæjar og þar af tvær milljónir í sparkvöll á lóð Grunnskólans á Ísafirði. Þetta snýst því ekki eingöngu um að gamlir Ísfirðingar hittist og hafi gaman heldur einnig að styrkja knattspyrnu á Ísafirði." Meðfylgjandi myndir voru teknar á mótinu.

Lars G. Stage Christensen skipherra.

Um borð í Hrútnum

Danska varðskipið Vædderen (Hrúturinn) heimsótti Ísafjörð á dögunum og vakti mikla athygli. Í tilefni heimsóknarinnar var gestum og gangandi boðið að koma og skoða hvernig er um borð og nýttu um 400 manns sér það.

Dönsku varðskipin hafa lengi verið fastir gestir á Íslandi og átt náið og gott samstarf við Íslendinga, ekki síst í björgunarmálum.

Blaðamaður Bæjarins besta fór um borð rétt fyrir brottför skipsins og spurðist fyrir um heimsóknina. Lars G. Stage Christensen skipherra sagðist mjög ánægður með hvernig til tókst.

– Hver er ástæðan fyrir heimsókn ykkar til Ísafjarðar?

„Hún var af tvennum toga. Annars vegar til að halda áfram að byggja upp gott samstarf við íslensku Landhelgisgæsluna og í öðru lagi er þetta hentugur staður til að koma í höfn. Hér getum við birgt okkur upp og sinnt viðhaldi á skipinu og þar fram eftir götunum. Það er því hagkvæmt fyrir okkur að stoppa hér auk þess sem það gefur okkur tækifæri til að styrkja samstarfið við Landhelgisgæsluna, en við höfum stutt hana í leitar- og björgunarleiðöngrum. Sem dæmi má nefna, að skömmu áður en við komum til Ísafjarðar hafði Landhelgisgæslan samband við okkur þar sem þyrla á hennar vegum var að fara í leiðangur vegna sjúks manns um borð í skipi. Skipið var það langt frá landi að þeir þurftu á varaþyrlu að halda og við gátum veitt þeim þessa aðstoð þar sem við erum með þyrlu um borð.

Líka er þetta fínt tækifæri til að gefa áhöfninni færi á að komast í land og slaka aðeins á. Við stoppum vanalega í þrjá daga og þá fær hver vakt tvo daga í frí og vinnur eina vakt.“

Dönsku varðskipin gegna mikilvægu hlutverki við Grænland og Færeyjar þar sem þau sinna ekki einungis eftirliti heldur ekki síður þjónustu og margvíslegri aðstoð. Um borð er t.d. sjúkrahús og eru öll skipin búin þyrlum. Skipin eru byggð til að þola sigling í verstu veðrum á norðlægum slóðum.

„Við vorum áður við Grænland en seinnipart júní fluttum við okkur til Færeyja þar sem þar var þörf á varðskipi með þyrlu vegna konunglegrar heimsóknar þangað. Varðskipið sem var við Færeyjar hafði ekki þyrlu um borð og því skiptum við um stað. Þegar heimsókn drottningar var lokið skiptum við aftur og þá gafst okkur tækifæri til að hafa viðdvöl á Ísafirði í þrjá daga.“

Ísafjörður góð viðkomuhöfn

Lars segir að áhöfnin hafi verið ánægð með heimsóknina til Ísafjarðar.

„Allir voru alltaf að segja að Ísafjörður væri frábær staður til að heimsækja og ég er ánægður að geta sagt að þeir höfðu rétt fyrir sér. Þetta hefur verið góð heimsókn. Ísafjörður er kannski ekki stór bær en bæði landslagið og fólkið er framúrskarandi.

Danska varðskipið Vædderen í Ísafjarðarhöfn.

Bæjarbúar hafa svo sannarlega látið okkur finnast við vera velkomin. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga fólks. Þegar við förum í stærri borgir eins og t.d. Glasgow eða Edinborg eru borgarbúar svo vanir að sjá varðskip að það vekur engan áhuga. Þá fer áhöfnin líka vanalega á bari og slíkt. Hér gefst þeim hins vegar tækifæri að skoða náttúruna og eiga góðar samverustundir.“

Áhöfnin er að mestu skipuð ungu fólki.

„Þetta er mjög ung áhöfn. Ég veit ekki meðalaldurinn en ég myndi giska á svona 23 ára. Við erum 63 talsins núna, fasta áhöfnin er reyndar 47 en svo bætast við 15 ungmenni sem eru að sinna herskyldu. Það er í okkar verkahring að sjá um þau, mennta og þjálfa en þau eru um 18 ára gömul, af báðum kynjum.

Þau öðlast mikla reynslu um borð. Íslendingar ættu að þekkja það vel að það er allt annað að sigla hér en að vera á dönsku miðunum. Veðrið er mjög öfgafullt hér um slóðir. Það kemur sér reyndar vel fyrir okkur að kynnast ýmsum veðrum því þannig fáum við þjálfun. T.d. erum við með nýjan þyrluflugmann um borð og það er allt annað að lenda á skipi þegar veður er slæmt en í lygnum sjó. Stundum leitum við því vont veður uppi til að fá æfinguna.“

– Megum við búast við tíðari heimsóknum frá dönskum varðskipum?

„Það er erfitt að segja. Ég mun mæla með Ísafirði sem góðri viðkomuhöfn við kollega mína. Við komum oft til Íslands vegna viðhalds og annars og það er engin ástæða fyrir því að fara eingöngu til Reykjavíkur og Akureyrar. Ég veit ekki hvort heimsóknirnar verða tíðari en ég á von á því að það verði reglulegar heimsóknir varðskipa hér, hvort sem það er einu sinni til tvisvar ári. Erfitt er þó að segja til um það þar sem það fer eftir hvaða verkefni við verðum að fást við hverju sinni. Oftast vitum við ekki sjálfir hvað muni drífa á daga okkar þar sem áætlun okkar er mjög sveigjanleg. Hún getur breyst á augabragði, til dæmis ef við þurfum að aðstoða við leitar- og björgunarleiðangur,“ segir Lars skipherra.

– thelma@bb.is

Grillaðar svartfuglsbringur

Sælkerar vikunnar bjóða upp á marineraðar svartfuglsbringur sem eru himneskar á grillið. Bringurnar eru bornar fram með ljúffengri berjasósu og ofnbökuðum kartöflum. Í eftirrétt er svo gott að gæða sér á bláberjaskyrköku.

Grillaðar svartfuglsbringur – Fyrir ca fjóra

4-6 svartfuglsbringur
250 ml. Caj P. Original Grill olía
Villibráðarkrydd eftir smekk
Tappi af balsamikediki

Hreinsið bringurnar vel himnu og fitu, blandið saman vökva og kryddi, og leggið bringur í og látið marinerast í 1-2 sólahringa og veltið kjötinu 2-3 sinnum á tímanum. Grillið á vel heitu grilli í ca. 4 mín á hvorri hlið.

Sósa

2 dl frosin blönduð ber, afþýdd
11/2 – 2 dl bláberjasulta
2 msk olía
1 msk balsamikedik
1 msk ferskt tímían eða 1-2 tsk þurkað, má vera meira
2-3 tsk Worchestershire-sósa
Salt og nýmalaður pipar

Setjið allt í matvinnsluvél og blandið vel saman. Látið sósuna standa í 30 mín. Til að kryddið nái að blandast berjunum vel. Smakkið til með tímían og Worchestershire-sósu eftir smekk. Geymist 1-2 vikur í kæli.

Sælkerinn

Ofnbakaðar kartöflur

4 stk meðalstórar bökunarkartöflur
1 stk stór sætkartafla
1 stk rauðlaukur
Ferskt timian eða rósmarín
Salt og nýmalaður svartur pipar
Olía
Vatn

Skerið kartöflurnar í jafn stórar sneiðar. Laukur skorin í báta. Tímían eða rósmarín stráð yfir eftir smekk. Kryddað með salti og pipar. Dassa af Olíu og vatni sett yfir kartöflurnar. Bakist við 200° í 30-40 mín eftir stærð sneiða. Veltið kartöflum öðru hvoru svo þær brenni ekki.

Bláberjaskyrkaka

1 Pakki hafrakex
50 g smjör
Lítil dós KEA vanilluskyr
¼ rjómi þeyttur
1 egg
1 dl sykur
Bláberjasulta eða bláber eftir smekk

Hafrakex mulið í bökumót. Smjör brætt og hellt yfir kexið. Þeytið rjómann. Þeytið saman egg og sykur. Blandið skyri og eggjahræru varlega saman við þeytta rjómann. Blöndunni síðan hellt yfir kexið,bláberjasulta eða bláber sett yfir. Kakan sett í kæli í ca. 2-3 tíma má vera lengur.

Ég skora á Mörtu Hlín Magnadóttur frá Ísafirði að vera næsti sælkeri vikunnar.

Sælkeri vikunnar er Guðmundur Sigurðsson á Ísafirði.

Flugmanni fisþyrlu veitt undanþága til að fljúga til Grænlands

Franskur flugmaður, sem ætlar að fljúga í kringum hnöttinn á fisþyrlu, fékk í síðustu viku leyfi frá Flugmálastjórn til að fljúga beint frá Ísafjarðarflugvelli til Grænlands. Að sögn flugmannsins var óvíst hvort hann næði frá Reykjavík til Grænlands og því ákvað hann að millilenda á Ísafirði til að taka eldsneyti. Þar var honum meinað að halda áfram til Grænlands því samkvæmt reglugerð er millilandsflug óheimilt frá Ísafirði. Frakkinn var mjög ósáttur við stöðu mála enda tímabundinn vegna veðurskilyrða. Um hádegisbil var síðan veitt undanþága til flugsins. Frakkinn segist hafa gert ráð fyrir að lenda í erfiðleikum í Rússlandi en ekki vestur á Ísafirði.

Á meðan flugmaðurinn beið í von og óvon á Ísafjarðarflugvelli sagðist hann í samtali við Bæjarins besta, ekki geta sýnt sitt glaða andlit vegna þessara erfiðleika. Það hefði sett strik í reikninginn, hefði hann þurft að snúa aftur til Reykjavíkur til að reyna að fljúga þaðan. Hann tók sérstaklega fram að hann hefði ekkert út á þjónustu starfsmanna flugturnsins og flugvallarins á Ísafirði að setja, enda væru þeir einungis að sinna sínu starfi.

Heimamenn á Ísafirði hafa lengi verið ósáttir við bann á millilandaflugi frá Ísafirði. Síðastliðið vor lögðu þingmenn Norðvesturkjördæmis fram þingsályktunartillögu þess efnis að sköpuð verði aðstaða á Ísafjarðarflugvelli til að sinna millilandaflugi. Bentu þingmennirnir á í því sambandi að flugvöllurinn hefði gegnt lykilhlutverki við að efla samskiptin við Grænland, með þjónustu á Vestfjörðum. Rúmlega 50 þúsund farþegar fara um flugvöllinn á ári í innanlandsflugi og í dag fer fram frá Ísafirði takmarkað millilandaflug, sem byggir á undanþágum.

Franski flugmaðurinn sagðist hvetja ráðamenn til að beita sér fyrir því að veitt verði almenn heimild fyrir millilandaflugi til Grænlands frá Ísafirði. Hér tekur hann eldsneyti á flugvélina.

– thelma@bb.is

Nokkur orð frá Vá Vesthópnum til foreldra

Oft hafa foreldrar haft samband við meðlimi Vá Vesthópsins með spurningar um uppeldi. Í sumum tilvikum er um að ræða spurningar foreldra þar sem börn þeirra hafa misstigið sig og er þá gjarnan leitað ráða. Í þessu sambandi langar Vá Vesthópinn til að minna foreldra á eftirfarandi

Allir leita hamingjunnar

Allir leita hamingjunnar, sumir allt lífið í peningum og völdum. Þeir finna hana seint þar. Hvað er betra og hamingjuríkara en að sjá börnin manns, maka þeirra og barnabörnin vaxa úr grasi á eðlilegan hátt og verða hamingjusöm? Það er ekki sjálfgefið að það gerist. Í einhverjum tilvikum verða ýmis ljón á veginum sem við ráðum ekki við en þá er það okkar að vera til staðar og vera til stuðnings í gegnum þrautirnar. Slíkt er þá tækifæri til að þroskast saman og tengjast enn betur tilfinningaböndum. Ákveðin blanda af ást, aga og reglum er nauðsynleg í barna- og unglingauppeldi. Vá Vesthópurinn trúir því að jákvæð hugsun í öllu og kærleikur sé lykillinn að velferð hverrar manneskju og umhverfisbætandi. Það ættu allir foreldrar að hafa í huga, ungur nemur, gamall temur.

Um leið og Vá Vesthópurinn óskar öllum gleðilegs sumars er hvatt til sem flestra samverustunda foreldra og barna.

Vá Vest
vímuvarnarstefna

HREINLÆTISTÆKI
á góðu verði fyrir alla - alltaf

WC kassi kr. **16.900**
Sturtuhnappur kr. **1.995**

Salerni kr. **10.900**
Seta kr. **4.195**

Allt settið, aðeins
33.990

OVA handlaug 45x35 cm
3.900

LAILA handlaug 55 cm
4.900

VEMAR blöndunartæki
4.290

Seta kr.
2.790

ALIBERT salerni með stút í gólf
19.900

Sturtuþil með festingum.

Gerið verð-samanburð ykkur til hagsbóta

Sturtuklefi 80x80x195cm
með botni, vatnslás og botnventli
48.900

90x90x195cm
52.900

55 x 220 cm **18.400**
65 x 220 cm **25.900**
75 x 220 cm **29.900**
90 x 220 cm **35.900**
120 x 220 cm **45.900**

Sturtuglerþil og hurð
90 x 205 cm
37.900
120 x 205 cm
47.900

GREKA niðurfall í horn
35 cm
11.900

NOVA niðurfall
30 cm
10.900
60 cm 19.900
70 cm 23.900
80 cm 26.900

VEMAR eldhúskrani
4.490

REGINOS Stálvaskur 80,5x48 cm
14.900

Til í mörgum stærðum

VOTTUÐ GÆÐAVARA

EURO Panelofn 50x120 cm
15.490

KRANAR OG HITASTILLAR FRÁ Danfoss

Reykjavík ***Kletthals 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16***
Suðurnes ***Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14***
Akureyri ***Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14***
Húsavík ***Garðarsbraut 50.***
FLÚÐUM

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!